

# NÁMSÁÆTLUN

Kennslugrein: Enska  
Bekkur: 10. bekkur

Tímabil: 25.08.2015 – 27.05.2016  
Kennari: Vera Ósk Valgarðsdóttir

---

## Hæfniviðmið eru í samræmi við Aðalnámskrá grunnskóla:

- ✓ **Hlustun.** Getur fyrirhafnarlítið tileinkað sér talað mál um margvísleg málefni í kunnuglegum aðstæðum þegar framsetning er áheyrileg. Nemandi geti án vandkvæða fylgst með aðgengilegu efni í fjöl-og myndmiðlum sér til gagns og ánægju, sagt frá og unnið úr efni.
- ✓ **Lesskilningur.** Getur lesið sér til gagns og ánægju almenna texta af ýmsum toga með nokkuð fjölbættum orðaforða og valið lestraraðferð eftir eðli textans og tilgangi með lestrinum.
- ✓ **Munnleg tjáning.** Getur tjáð sig áheyrilega um málefni sem hann þekkir, beitt tungumálinu á nokkurri nákvæmni hvað varðar reglur um málnotkun og framburð.
- ✓ **Ritun.** Getur skrifað lipran, samfelldan texta á hnökralitlu máli um efni sem hann hefur þekkingu á, sýnt fram á góð tök á orðaforða og meginreglum málnotkunar, fylgt hefðum varðandi uppbyggingu og samhengi texta og notað tengiorð við hæfi.

---

## Námsleiðir og námsgögn

Til að ná hæfniviðmiðum er notast við eftirfarandi námsgögn:

- ✓ *Spotlight 10*, lesbók og verkefnabók ásamt hlustunarefni.
- ✓ Efni af alneti, s.s. *New in Levels*
- ✓ Ýmiss konar hlustunarefni, s.s. kvikmyndir og tónlist
- ✓ Hraðlestrarbækur
- ✓ Aukaverkefni, s.s. málfræði, ritun, krossgátur, lesskilningsverkefni o.fl. úr fórum kennara.

Nemendur vinna að verkefnum sínum ýmist sjálfstætt, í hópum og með kennara. Ætlast er til að nemendur safni öllum verkefnum í möppu sem kennari metur til einkunnar. Til að þjálfra tjáningu eru nemendur hvattir til að nota enskuna sem mest í tímum og fá verkefni sem hafa það að tilgangi að þjálfra talað mál. Áhersla verður lögð á ritun, styttri sem lengri sem og lestur ýmis konar texta.

---

## Námsmat.

Námsmat er í formi símats en í því felast ýmsar kannanir, verkefni, ritanir, munnleg tjáning og fleira unnið á önninni.

Lokaeinkunn í vor byggir á vinnuframlagi (verkefnabók, námsmappa og virkni í tímum) og einkunnum símats.